

## 5. gr.

Rotþróargjald hvers árs fellur í gjalddaga 1. apríl og skal innheimt á sama hátt og fasteignagjöld til sveitarsjóðs Hvítársíðuhrepps. Heimilt er að innheimta aukagjald af þeim húseignum þar sem um óvenjumikinn kostnað er að ræða við hreinsun og tæmingu eða þegar um sérstaka rotþró við útihús er að ræða. Gjald þetta má þó aldrei vera hærra en svo að nemi sannanlegum kostnaði við verkið.

## 6. gr.

Með mál vegna brota gegn samþykkt þessari fer samkvæmt VI. kafla laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum.

## 7. gr.

Framangreind samþykkt sveitarstjórnar Hvítársíðuhrepps er hér með staðfest skv. 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir með síðari breytingum og öðlast þegar gildi.

*Umhverfissráðuneytinu, 20. desember 2001.*

F. h. r.

**Ingimar Sigurðsson.**

*Sigurbjörg Sæmundsdóttir.*

## GJALDSKRÁ

### fyrir hundahald í Djúpavogshreppi árið 2002.

## 1. gr.

Árgjald fyrir að halda hund í Djúpavogshreppi, sbr. staflið e, 1. gr. samþykktar nr. 75/1995 um hundahald í Djúpavogshreppi, skal vera kr. 8.130 pr./hund á árinu 2002.

Gjaldið greiðist fyrirfram og óskipt fyrir tímabilið þó eigi síðar en á eindaga, sem er 31. maí 2002.

Innifalið í leyfisgjaldinu er hundahreinsunargjald.

## 2. gr.

Handsömunargjald, samkvæmt 2. gr. sömu samþykktar, skal vera kr. 3.600 í fyrsta skipti, en síðar hækkar það í kr. 7.100 ef til handsömunar kemur aftur.

## 3. gr.

Um vexti af vangreiddum gjöldum samkvæmt gjaldskrá þessari gilda almennar reglur.

## 4. gr.

Gjaldskrá þessi er samþykkt af sveitarstjórn Djúpavogshrepps á fundi 6. desember 2001, og öðlast þegar gildi.

*Djúpavogi, 12. desember 2001.*

**Ólafur Ragnarsson** sveitarstjóri.